

- Um 17 metrum sunnan við ofanefndan veg og á hluta af svæði sem áður var ætlað fyrir íþróttavöll verður um 3 ha svæði fyrir hesthús og annan tómstundabúskap.
- Þá er gert ráð fyrir að lengja megi flugbraut og þar með öryggissvæði flugvallar um 80 m til norðurs.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Borgarhrepps og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hana til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 9. janúar 1995.

Össur Skarpéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur.

Samkvæmt ósk bæjarstjórn Grindavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 16. nóvember 1994 staðfest breytingu á viðauka frá 25. nóvember 1991 við aðalskipulag Grindavíkur 1990-2010, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964. Viðauki þessi gerir ráð fyrir meðferðar- og þjónustuaðstöðu við nýtt lón undir fjallinu Þorbirni.

Breytingin er fólgin í því að þessi uppbygging verði flutt á svæði vestan við lóð Hitaveitu Suðurnesja. Þá verði einnig bætt við nýjum aðkomuvegi frá Grindarvíkurvegi.

Bæjarstjórn Grindavíkur hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 9. janúar 1995.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Arnardalsreits, Akranesi.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akraness hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 14. desember 1994 staðfest breytingu á deiliskipulagi Arnardalsreits frá 11. október 1988, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.